

# VILJAYFIRLÝSING

## UM SAMSTARF VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS OG FÉLAGS LEIÐSÖGUMANNA MEÐ HREINDÝRAVEIÐUM

### 1. INNGANGUR

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hefur samþykkt tillögu svæðisráðs austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs um að ákvæði um veiðigriðland við Snæfell og seinkun veiða á Snæfellsöræfum verði felld út úr stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Verkefnislýsing vegna breytingaferlisins hefur verið samþykkt og er nú í kynningarferli. Jafnframt samþykktu stjórn og svæðisráð að gerð verði áætlun um vöktun, samráð og samstarf þjóðgarðsins við stofnanir og hagsmunasamtök til næstu þriggja ára. Tilgangur áætlunarinnar er að vakta áhrif breytingarinnar, þannig að grípa meg til mótvægisáðgerða, komi í ljós að breytingin hafi neikvæð áhrif á náttúru svæðisins og nýtingu ólíkra hagsmunahópa. Gert er ráð fyrir að lagt verði mat á grundvelli niðurstaðna vöktunar og tekin ákvörðun um hvort setja þurfi sérstakar reglur á svæðinu, t.d. með ákvæðum í stjórnunar- og verndaráætlun eða með heimildum reglugerða á grundvelli laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands).

Vatnajökulspjóðgarður telur að Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum gegni afar mikilvægu hlutverki við að stuðla að því að umræddar breytingar á ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins leiði ekki til neikvæðra áhrifa á náttúru svæðisins né aukinna árekstra milli mismunandi útivistarhópa. Þá er mikill gagnkvæmur ávinningur af auknu samstarfi milli FLH og þjóðgarðsins m.a. á sviði fræðslu, forvarna, eftirlits og rannsókna.

Viljayfirlýsingu þessari er ætlað að formfesta samstarf FLH og Vatnajökulspjóðgarðs til næstu þriggja ára með sameiginleg markmið beggja aðila, vilja til samstarfs og hagsmuni náttúrunnar og allra gesta þjóðgarðsins að leiðarljósi.

### 2. HLUTVERK LEIÐSÖGUMANNA MEÐ HREINDÝRAVEIÐUM

Samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal leiðsögumaður með tilskilin réttindi ávallt fylgja veiðimanni við hreindýraveiðar. Hlutverk leiðsögumanna er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum að þekkja þau dýr sem hann má veiða, sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar, skrái þær upplýsingar á veiðiskýrslur sem krafist er og skili inn veiðiskýrslum rétt útfylltum. Leiðsögumaður á jafnframt að sjá til þess að veiðar séu í samræmi við lög og reglur.

Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) var stofnað 14. febrúar 2003 og er hlutverk þess að stuðla að eftirfarandi:

- Að leiðsögn með hreindýraveiðum verði faglegt og sérhæft starf.
- Að hreindýraveiðar á Íslandi verði stundaðar af fagmennsku og virðingu fyrir bráðinni og umhverfinu.
- Að þjónusta leiðsögumanna við hreindýraveiðar verði eftirsótt og arðsöm atvinnugrein.
- Að vera málsvari félagsmanna útávið og gagnvart stjórnvöldum.
- Að aðstoða stjórnvöld við mótun og stefnumörkun í þeim málum sem varða hreindýraveiðar.

### **3. MARKMIÐ VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS**

Vatnajökulspjóðgarður (VJP) var stofnaður árið 2008 og spannar nú tæp 15% af flatarmáli Íslands. Samkvæmt lögum um Vatnajökulspjóðgarðs er markmiðið með stofnun þjóðgarðsins að:

- Vernda náttúru svæðisins, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar.
- Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins.
- Stuðla að rannsóknum á svæðinu, fræða um það og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu svæðisins.
- Leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins.

Framangreind markmið eru nánar útfærð í reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs og stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

### **4. SAMSTARF FLH OG VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS**

Hreindýraveiðar eru stundaðar á nokkrum stöðum innan Vatnajökulspjóðgarðs og er það sameiginlegt viðfangsefni FLH og þjóðgarðsins að tryggja að þær veiðar fari fram í sátt við náttúru og aðra útivistarhópa og í samræmi við gildandi lög og reglur. Til að stuðla enn betur að því að það markmið náist áforma FLH og Vatnajökulspjóðgarður að eiga formlegt samstarf, a.m.k. næstu þrjú árin:

1. FLH og VJP haldi reglubundna samráðsfundi tvisvar á ári, fyrir og eftir veiðitímabil. Aðilar frá Umhverfisstofnun og Náttúrustofu Austurlands munu fá boð á fundina.
2. FLH komi að fræðslu um veiðar fyrir starfsmenn VJP og veiti aðstoð við gerð fræðsluefnis um hreindýraveiðar fyrir gesti þjóðgarðsins.
3. VJP veiti eftir óskum fræðslu á námskeiðum fyrir hreindýrleiðsögumenn, m.a. um akstur í viðkvæmri náttúru.
4. Aðilar komi sér upp skipulagi fyrir reglubundin samtöl og gagnkvæma upplýsingagjöf á veiðitíma. Dæmi um slíkt geta verið miðlun upplýsinga frá starfsmönnum um stóra

hópa göngufólks á svæðinu eða upplýsingar veiðimanna eða starfsmanna um viðkvæmt ástand svæða, t.d. aurbleytu. VJP áformar að hafa samráð við Umhverfisstofnun um upplýsingagjöfina þannig að hún nýtist leiðsögumönnum sem best.

5. Vilji er til að þróa samstarf FLH og VJP um öflun upplýsinga sem nýtist við rannsóknir og vöktun. Nánara fyrirkomulag verði ákveðið á reglubundnum samráðsfundum, sbr. lið 1.
6. VJP stuðli að bættu aðgengi á svæðinu í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins, þar með talið að laga og viðhalda slóðum sem gæti haft verndandi áhrif á svæðið.
7. Aðilar þróa áframhaldandi samstarf og upplýsingagjöf um hreindýraveiðar innan þjóðgarðs.

## 5. NÁTTÚRUVERND OG LANDNÝTING

Vatnajökulsþjóðgarður og FLH eru sammála um að vinna saman að því að hreindýraveiðar fari fram innan Vatnajökulsþjóðgarðs án skemmda á náttúru og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Vatnajökulsþjóðgarður og FLH líta ólögmætan utanvegaakstur alvarlegum augum og vilja eiga samstarf um forvarnir og aðgerðir í kjölfar slíkra atvika, m.a. með fræðslu til gesta á vettvangi og tilkynningum leiðsögumanna til starfsmanna þjóðgarðsins verði þeir fyrirnefndu varir við ummerki slíks aksturs.

Vatnajökulsþjóðgarður og FLH eru sammála um mikilvægi þess að leiðsögumenn fari sérstaklega varlega á viðkæmum svæðum.

6. maí 2022

F.h. Vatnajökulsþjóðgarðs

\_\_\_\_\_ (Rafræn undirritun)\_\_\_\_\_

Ingibjörg Halldórsdóttir  
staðgengill framkvæmdastjóra

F.h. Félags leiðsögumanna  
með hreindýraveiðum

\_\_\_\_\_ (Rafræn undirritun)\_\_\_\_\_

Jón Hávarður Jónsson  
formaður stjórnar

